

Fyrirspurn

til mennta- og barnamálaráðherra um sérfræðingateymi vegna barna með fjölþættan vanda og barna sem vegna fötlunar sinnar þurfa annars konar og meiri þjónustu en unnt er að veita á heimili fjölskyldna þeirra.

Frá Oddnýju G. Harðardóttur.

1. Eru upplýsingar sem finna má á vef Stjórnarráðsins um sérfræðingateymi vegna barna með fjölþættan vanda og barna sem vegna fötlunar sinnar þurfa annars konar og meiri þjónustu en unnt er að veita á heimili fjölskyldna þeirra, sbr. 20. og 21. gr. laga nr. 38/2018, réttar? Ef ekki, hvenær var teymið skipað og hvar má afla upplýsinga um það?
2. Hvernig er sjónarmiða fötlunarréttar og þekkingar á honum gætt í störfum teymisins?
3. Hvernig er málsmeðferð teymisins háttáð og hvaða verklagsreglur eru til um framkvæmdina?
4. Hvernig er tilvísunum/beiðnum til teymisins háttáð?
5. Hversu margar tilvísanir/beiðnir hefur teymið fengið frá því að lög nr. 38/2018 tóku gildi 1. október 2018?
6. Hvað hefur teymið komið að mörgum málum fatlaðra barna frá gildistöku laga nr. 38/2018?
7. Í hversu mörgum málum hefur teymið veitt formlega ráðgjöf um veitingu stoðþjónustu á grundvelli laga nr. 38/2018 og að hvaða þjónustuformi hefur ráðgjöfin um þjónustuveitingu miðast?
8. Hversu margar ákvarðanir um búsetu fatlaðs barns utan heimilis hefur teymið tekið frá gildistöku laga nr. 38/2018, í hvaða úrræði hafa börnin verið flutt og á grundvelli hvaða laga hefur ákvörðun um búsetu og þjónustu verið reist, barnaverndarlaga, nr. 80/2002, laga nr. 38/2018 eða hvorra tveggja laganna?
9. Er heimilt að ákvarða um búsetu fatlaðs barns utan heimilis án aðkomu sérfræðingateymisins og ef svo er, á hvaða lagagrundvelli hvílir ákvörðunin og meðferðin?
10. Hversu margar ákvarðanir um búsetu og/eða vistun fatlaðs barns utan heimilis hafa verið teknar án aðkomu teymisins frá því að lög nr. 38/2018 tóku gildi?
11. Verði sveitarfélag ekki við ákvörðun teymisins, hvert geta einstaklingar þá leitað til að fá ákvörðun framfylgt?

Skriflegt svar óskast.